



*Æð lesa og skrifa list er góð
læri það sem flestir.
Þeir eru haldnir heims af þjóð
höfðingjarnir mestir.*

Ók. höfundur

**Læsisstefna
Austur-Húnavatnssýslu og
Húnapings vestra**

2018

Höfundarréttur © 2018 Félags- og skólaþjónusta A-Hún.

Öll réttindi áskilin

Mynd á forsiðu er eftir Pétur Snæ Sæmundsson

Aðrar myndir eru fengnar úr skólum á svæðinu

Félags- og skólaþjónusta A-Hún

Flúðabakka 2

540 Blönduósi

Sími: 455 4174

Prentun: Stíll

Akureyri, apríl 2018

Formáli

Á fundi skólastjórnenda í Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra haustið 2014, var ákveðið að vinna að sameiginlegri læsisstefnu fyrir sýslurnar. Hver skóli skipaði fulltrúa í sameiginlegt læsisteymi skólanna og jafnframt var myndað teymi innan hvers skóla. Lögð var áhersla á að sem flestir kæmu að gerð stefnunnar. Víða hefur verið leitað eftir ráðgjöf og hafa læsiráðgjafar Menntamálastofnunnar meðal annars komið með góðar ábendingar. Haustið 2017 hófst innleiðing stefnunnar og er gert ráð fyrir að hún verði endurskoðuð reglulega.

Markmið sameiginlegrar læsisstefnu Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþings vestra er að samræma kennsluhætti, námsmat og markmið í læsiskennslu á svæðinu.

Hlutverk stefnunnar er að styðja þá aðila sem að skólastarfinu koma; nemendur, aðstandendur þeirra og starfsfólk skólanna.

Stefnt er að því að læsisstefnunni fylgi einfaldað dreifirit með grunnupplýsingum ætlað til glöggvunar á henni og sem leiðarvísir til aðstandenda svo þeir geti betur áttað sig á því sem til er ætlast af nemendum, foreldrum og kennurum.

Fulltrúar í læsisteyminu voru eftirtaldar:

Lára Helga Jónsdóttir, Grunnskóla Húnaþings vestra

Magdalena Berglind Björnsdóttir, Blönduskóla

Magdalena Margrét Einarsdóttir, Húnavallaskóla

Sonja Dröfn Helgadóttir, Höfðaskóla

Þórdís Hauksdóttir, fræðslustjóri Austur-Húnavatnssýslu.

Efnisyfirlit

1. Mikilvægi læsis	7
2. Samstarf við heimili	9
2.1. Samstarf leik- og grunnskóla.....	11
3. Læsi	12
4. Kennsluaðferðir	15
4.1. Byrjendalæsi.....	15
4.2. Hljóðaaðferð.....	16
4.3. Leikur að læra.....	17
4.4. Orð af orði.....	18
4.4.1. Gagnvirkur lestur.....	19
4.4.2. Krossglíma.....	19
4.4.3. KVL aðferðin.....	20
4.4.4. Orð dagsins.....	20
4.4.5. Orðhlutavinna.....	21
4.4.6. Hugræn kortagerð.....	21
4.4.7. Yndislestur.....	22
4.5. PALS og K-PALS.....	23
4.5.1. PALS.....	23
4.5.2. K-PALS.....	23
4.6. Lestrartengd verkefni.....	24
4.6.1. Framsagnakeppni grunnskólanna í Húnavatnsþingi.....	24
4.6.2. Lestrarömmur og –afar.....	24
4.6.3. Lesið í skammdeginu.....	25
4.6.4. Fágæti og furðuverk.....	25
4.6.5. Lestrarsprettur.....	25
4.6.6. Ævar vísindamaður.....	26
4.6.7. Lesið á aðventu.....	26
4.6.8. Skemmtanir.....	26
5. Skipulag lesturs heima og í skóla	29
5.1. Lestur í 1. bekk.....	29

5.2.	Lestur í 2. – 4. bekk.....	30
5.3.	Lestur í 5. – 7. bekk.....	31
5.4.	Lestur í 8. – 10. bekk.....	32
6.	Námsmat.....	33
6.1.	Læsi – lestrarskimun	33
6.2.	Tove Krogh.....	33
6.3.	Matslisti Gerd Strand.....	34
6.4.	Orðarún.....	34
6.5.	Samræmd könnunarpróf í íslensku.....	34
6.6.	Lesferill	35
6.7.	Lesfímiviðmið Menntamálastofnunar	35
6.7.1.	Lesfími.....	36
6.7.2.	Lesfímiviðmið	36
7.	Greiningar og inngríp.....	43
7.1.	Skipulag sérkennslu.....	43
7.2.	Nemendur með íslensku sem annað tungumál	44
8.	Heimildaskrá	47

1. Mikilvægi læsis

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011, bls. 31-32) er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Markmið grunnskólans er tvíþætt, annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku þeirra í atvinnulífinu og frekara nám.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar. Samkvæmt Aðalnámskrá (2011, bls. 19) er meginmarkmið læsis að nemendur skapi merkingu og bregðist á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Með læsisstefnunni er lögð áhersla á að rækta læsi í víðum skilningi, þannig að nemendur geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar bæði sér til gagns og gamans. Þeir geti nýtt sér margvíslega miðla í þekkingarleit og úrvinnslu, lesið úr myndritum á ýmsu formi, myndað sér skoðanir út frá lesnu efni og tjáð sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt.

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það.

Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknkerfum og miðlum. Þannig felur læsi á tölur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar. Læsi

á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær (Menntamálaráðuneytið, e.d.).

2. Samstarf við heimili

Árangursríkt skólastarf byggir ekki síst á góðu samstarfi heimila og skóla. Skólasamfélagið er byggt á þremur þáttum, starfsfólki skólans, nemendum og aðstandendum þeirra. Þessir hópar þurfa allir að vinna vel saman svo að góður skólabragur náist. Samkvæmt 19. gr. grunnskólalaga bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna og er skylt að fylgjast með námsframvindu þeirra (Lög um grunnskóla, 2016). Gott samstarf milli heimilis og skóla, virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er ein af grunnforsendum þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeim ber. Foreldrar bera einnig ábyrgð á að börn þeirra sinni heimanámi og að frístundastarf sem og annað starf utan skóla komi ekki niður á náminu (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls 45, 71-72).

Áhersla er lögð á gott samstarf. Virkt og gagnkvæmt upplýsingaflæði eflir traust á milli foreldra og starfsfólks skóla. Aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættum námsárangri og betri líðan barna.

Kennsla og þjálfun í læsi verður að vera samvinnuverkefni heimila og skóla. Foreldrar og aðstandendur leggja grunn að lestraráhuga barna með umræðum og lestri. Hlutverk foreldra er mjög mikilvægt í lestrarnámi, þar sem lestrarþjálfun fer fram heima fyrir eftir að lestraraðferðir hafa verið lagðar inn í skóla. Gera þarf ráð fyrir að minnsta kosti 10 mínútna lestrarstund barns og fullorðins á hverjum degi alla grunnskólagönguna.

Lestrarkunnátta er lykill að því að afla sér þekkingar og er undirstaða alls náms. Afar mikilvægt er að börn nái góðu valdi á lestri

á fyrstu námsárum sínum. Því er ljóst að miklu skiptir að vel sé að málum staðið við lestrarþjálfun. Það er skólans að styðja foreldra og benda þeim á fjölbreyttar leiðir til lestrarþjálfunar. Heimalestur felst ekki eingöngu í að sitja og hlusta reglulega á barnið lesa, heldur er líka mikilvægt að foreldrar vekji athygli barna sinna á fjölbreyttum bókmenntum, lesi með börnum sínum og fyrir þau, ræði innihald texta og séu almennt góðar fyrirmyndir á lestrarsviðinu.

Nokkur atriði sem vert er að hafa í huga varðandi nám og kennslu í lestri:

- Á meðan börn eru að ná tökum á lestri er endurtekning á sama viðfangsefni oft þörf eða jafnvel brýn.
- Til að ná góðum árangri þurfa börn að lesa daglega, bæði í skóla og heima.
- Börn verða að fá stuðning og viðurkenningu á því sem þau eru að gera og því eiga fullorðnir að sýna lestrarnáminu áhuga og sitja með þeim og leiðbeina við lesturinn.
- Mikilvægt er að börn fái lestexta og verkefni í samræmi við getu sína á hverjum tíma.
- Þegar börn hafa náð tökum á lestri er mikilvægt að styðja þau í að viðhalda honum og bæta færni sína með því að hvetja þau til að lesa, helst á hverjum degi og aðstoða þau við að velja lesefni við hæfi.
- Til að tapa ekki niður lestarfærninni verða börn að lesa í sumar-, jóla- og páskafríum.

2.1. Samstarf leik- og grunnskóla

Í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt er að koma á gagnvirku samstarfi þeirra, m.a. til að auðvelda færslu nemenda milli skólastiga. Við upphaf grunnskólagöngu þarf að byggja á fyrra námi nemenda og reynslu þeirra úr leikskóla. Samræða þarf að eiga sér stað milli leik- og grunnskóla þar sem markmiðið er að samfella sé í námi elstu barna leikskóla og 1. bekkjar grunnskóla. Upplýsingar um niðurstöður prófa og skimana í skólunum eiga að vera aðgengilegar á báðum skólastigum. Niðurstöður skimana úr leikskóla nýtast til að ferli til úrbóta geti hafist þegar í upphafi grunnskólanáms, sé þess þörf. Niðurstöðum skal skilað fyrir lok maí. Niðurstöðum úr *Lesferli* er skilað til leikskóla um leið og fyrstu niðurstöður liggja fyrir, til að þeir geti metið starf sitt.

3. Læsi

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er traust kunnátta í móðurmáli einn af grunnþáttum menntunar og ein af forsendum þátttöku í samfélagi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 97). Læsi er sú tenging sem einstaklingur hefur við ritmál. Það er alls staðar í umhverfi okkar og því er lestur grundvallarfærni sem talin er nauðsynleg. Mikilvægi fjölbreyttrar lestrarhæfni verður sífellt sýnilegri í fjölbreytileika nútíma samfélags (Eurydice, 2011, bls. 7). Læsi fjallar því um fleira en að lesa og skrifa, það fjallar um það hvernig við eigum samskipti hvert við annað. Það fjallar um félagsfærni og sambönd, um þekkingu, tungumál og menningu. Læsi á sér alls staðar stað og er óaðskiljanlegt frá annarri notkun tungumálsins.

Læsi felur einkum í sér tvo þætti: lestur og ritun. En fyrirbærið læsi er margþætt og snýst í grunninn um að tengja orðin við lífið, okkar upplifun og reynslu. Læsi felur m.a. í sér hæfnina að breyta bókstöfum í hljóð, tengja hljóðin saman í orð, nota orðin til að útbúa málsgreinar, efnisgreinar, kafla og bækur. Samhliða því þarf getan til að ráða í merkingar og hugsun ritmálsins að vera til staðar (Stefán Jökulsson, 2012, bls. 6). Læsi er alhliða hæfni til að skilja, nota og endurspeglar ritmál til að öðlast persónulega og félagslega ánægju (Eurydice, 2011, bls. 7).

Lestarfærni er samspil umskráningar á hljóðum í tákni og skilnings á máli. Sá sem les þarf að þekkja tungumál, geta tengt saman stafi og hljóð og raðað saman í orð. Lestur krefst þess að sá sem les geti spáð fyrir um innihald texta og þekki uppbyggingu setninga, merkingu orða og merkingu þess sem lesið er (Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug

Jónsdóttir, 2000, bls. 39; Brown, 2001, bls. 27). Lesskilningur er gagnvirkt ferli sem felur í sér að lesari hafi góðan orðaforða, hafi skilning á því sem lesið er og geti tengt textann eigin reynslu (NRP, 2000, bls. 13-14).

Þrátt fyrir að grunnþættir læsis séu hæfni til að lesa hið ritaða mál og að færa hugsun sína í letur, þá hafa aðrir þættir einnig áhrif. Þá er ekki síst horft til þess að læsi sé merkingarsköpun sem tekur mið af reynsluheimi þess sem skapar. Læsi er því háð samvinnu og samtali og þannig geta tveir einstaklingar skilið sama textann á gjörólíkan hátt. Segja má að meginmarkmið læsis sé að virkja nemendur í að umskapa og umskrifa heiminn, skapa eigin merkingu og skilning á því sem þeir lesa (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 18-19).

Ekki er hægt að horfa fram hjá því að læsi kemur alls staðar við sögu og er háð því samfélagi sem einstaklingur er í, á hverjum tíma. Læsi þróast ekki einungis í skóla heldur í mun víðara samhengi (Perry, 2012, bls. 66). Þegar litið er á læsi sem félagslegt fyrirbæri er horft til þess hvað einstaklingur gerir með lestur, ritun og texta í raun og hvernig hann nýtir lesturinn. Með læsi er ekki einvörðungu átt við hljóð sem umbreytast í orð og stafi á blaði, heldur getur læsi verið sýnilegt á marga aðra vegu. Læsi getur eingöngu verið merkingarbært þegar það tengist reynsluheimi, forþekkingu og umhverfi lesara. Annars er læsi dautt orð á prenti (Perry, 2012, bls. 54, 58-59, 60).

Jákvæð sjálfsmynd nemenda er mjög mikilvæg í námi. Nemandi sem hefur góða sjálfsmynd er líklegri til að ná árangri. Kennari þarf því að haga verkefnum á þann hátt að nemandi ráði vel við þau og byggji upp jákvæða sjálfsmynd og sjálfstraust (Reid, G. 2005, bls. 11). Niðurstöður rannsókna segja að eftir því sem nemendur lesa meira, verði þeir betri lesarar. Betri lesari, þeim mun meiri líkur eru á auknu sjálfstrausti. Einnig hafa rannsóknir sýnt að engin ein kennsluaðferð

skilar öllum nemendum árangri (Rog, 2003, bls. 5). Kennari þarf að vera tilbúinn að vinna með þessa þætti í tengslum við læsiskennslu, efla sjálfsmyndina og sjálfstraustið, auk þess að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta öllum nemendum. Læsi er færnin til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt, við lestur, ritun, hlustun, tal, sýn á hluti og að hugsa á gagnrýnan hátt (Ontario Education, 2004 bls. 5).

Til að geta lesið sér til gagns og orðið læs í víðum skilningi þarf að byggja upp góðan grunn í lestri. Nemendur hefja nám í lestri strax við upphaf skólagöngu og þegar ákveðinni færni er náð hefst hinn eiginlegi lestur. Til að ná góðri lestrarfærni og góðum lestrarhraða þarf að þjálf sig jafnt og þétt. Æfingin skapar meistarann á þar vel við. Því er mikilvægt að nemendur lesi ekki einungis í skólanum heldur einnig heima fyrir foreldra eða forráðamenn. Þannig geta foreldrar einnig fylgst vel með framförum barna sinna og stutt við lestrarnám þeirra. Á fyrstu árum grunnskólans er þetta afar mikilvægur þáttur, því lestur er grunnur alls náms. Góð samvinna heimilis og skóla í lestrarkennslu nemenda er því lykilatriði í námi barna.

4. Kennsluaðferðir

Grunnskólar á svæðinu leitast við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta hverjum og einum nemanda á hans forsendum. Hér að neðan er umfjöllun um þær aðferðir.

4.1. Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð sem byggir á þróunarvinnu Rósu Eggertsdóttur. Byrjendalæsi er skipt í þrjá meginþætti: inntak texta, tæknilega þætti lestrarnáms og enduruppbygginu texta, auk þess sem áhersla er lögð á stigskiptan stuðning í kennslunni (Rósa Eggertsdóttir, 2008, bls. 4; Rósa Eggertsdóttir, 2009, bls. 35).

Í fyrsta þrepi Byrjendalæsis

- er lögð áhersla á inntak texta.
- les kennari gæðatexta fyrir nemendur.
- er lögð áhersla á umræður um efnið, merkingu og orðasambönd.

Í öðru þrepi Byrjendalæsis

- er lögð áhersla á tæknilega þætti lestrarnáms eins og hljóðvitund, stafagerð, samband stafs og hljóðs, leshraða og nákvæmni.
- er unnið með lykilorð.



Í þriðja þrepi Byrjendalæsis

- er unnið með enduruppbyggingu textans, t.d. með ritun, leikrænni tjáningu, teikningum og tónverki (Rósa Eggertsdóttir, 2008, bls. 4-5; Rósa Eggertsdóttir, 2009, bls. 39-40).

Í stigskiptum stuðningi vinna nemendur verkefni sem eru aðeins fyrir ofan þeirra getu og hlutverk kennara er að auka og viðhalda áhuga nemenda, auka val þeirra, leggja áherslu á aðalatriði, koma í veg fyrir að vinnan verði leiðigjörn og koma með viðbrögð við því sem nemendur gera (Harrison, 2004, bls. 93-94; Morrow, 2001, bls. 107). Byrjendalæsi er byggt á því að móðurmálskennsla sé heildstæð og flétti saman í eina heild: lestur, tal, hlustun og ritun. Gengið er út frá því að nemendur læri á misjöfnum hraða og reynt er að mæta þeim hvar sem þeir eru staddir hverju sinni.

Byrjendalæsi hentar bæði til einstaklings- og hópkenndu, vegna þeirra fjölbreyttu aðferða sem notaðar eru, ef kennarar ná að beita þeim af kunnáttu og leikni.

4.2. Hljóðaaðferð

Hljóðaaðferð (e. phonics) er samtengjandi aðferð þar sem gengið er út frá minnstu einingum ritmálsins. Nemendur byrja á því að læra hljóð og heiti bókstafanna og tengja stafina og hljóðin stærri einingum. Samtengjandi aðferðir leggja einvörðungu áherslu á að merking komi fram, eftir að kenndir hafa verið einstaka bókstafir og orð, þar sem ekki er litið til fyrri þekkingar eða reynslu lesara (Rósa Eggertsdóttir, 2008, bls. 8-9; Vacca o.fl., 2006, bls. 25-28).

Hljóðaaðferð er skipt upp í tvö stig, stafhljóðastig og setningastig. Í stafhljóðastiginu er verið að vinna með hvern einstakan staf. Saga er

sögð þar sem stafurinn kemur oft fyrir og reynt er að einangra hljóðið (framburðaræfingar). Þá er farið í að leita að orðum þar sem hljóðið/stafurinn kemur fyrir í, jafnframt þjálfast nemendur í framburði og læra ný orð. Kennslan fer fram í hóp og í framhaldinu er einstaklings- eða hópavinna. Þar vinna nemendur meira með hljóðið/stafinn, búa hann til á ýmsa vegu, tengja við önnur hljóð og lesa smáorð. Um leið og nemendur hafa náð tókum á lestri smáorða fer það á næsta stig, setningastigið. Þar er unnið með orð og setningar í léttum texta þar sem tenging hljóðanna er aðalatriðið (Helga Magnúsdóttir, 1987, 95-101).

4.3. Leikur að læra

Kennsluaðferðin *Leikur að læra* leggur áherslu á að nemendur séu í forgrunni og þeir upplifi námsefni í gegnum hreyfingu og mismunandi skynfæri. Kristín Einarsdóttir, sem þróaði aðferðina, telur að hreyfing sé mannum eðlislæg og að öll skynhreyfireynsla auki varðveislu þekkingar (Leikur að læra, 2015a). Eitt af gildum aðferðarinnar er: *Kennum fag frekar en bók – kennum markmið frekar en blaðsíðu*. Hefur þessi aðferð verið í þróun frá árinu 2007 og er hugsuð fyrir börn á aldrinum 2 – 9 ára (Kristín Einarsdóttir, 2015).

Aðferðin leggur áherslu á að nám er ekki úr einni bók, einu spili eða einni námsgrein heldur læra nemendur í gegnum leik og hreyfingu á skemmtilegan og líflegan hátt. Leikurinn hefur ákveðið markmið og kennarinn er virkur þátttakandi með því að stjórna, leiðbeina og spyrja nemendur spurninga. Sá efniviður, sem unnið er með hverju sinni, samsvarar því markmiði sem lagt er upp með í hverri kennslustund (Leikur að læra, 2015b).

Leikur að læra tekur á sömu þáttum og aðrar aðferðir, einungis á ólíkan hátt. Áhersla aðferðarinnar er að hún sé einstaklingsmiðuð, auki hreyfingu nemenda, sé hægt að nota jafn auðveldlega úti sem inni, dragi úr vinnu þar sem hver og einn er með sitt verkefni við sitt borð, hún auki félagsfærni og styrki auk þess félagsleg tengsl nemenda (Leikur að læra, 2015c).



4.4. Orð af orði

Kennsluaðferðin *Orð af orði* hefur það markmið að efla orðaforða og lesskilning nemenda ásamt því að kenna nemendum árangursríkar námsaðferðir. Kennsluaðferðin byggir á því að efla orðaforða nemenda og málumhverfi þeirra. Námið byggist á því að greina í sundur texta, rýna í merkingu orða og hugtaka, læra að finna aðalatriði texta og kortleggja þau. Orð eru greind í orðhluta en þekking á orðhlutum orða, þ.e. úr hverju orðin eru búin til, eykur orðaforða, réttritun og málvitund. Lokaafurð er svo endurbirting textans í ýmsu formi.

Kennarar vinna með þær aðferðir sem henta þeirri grein sem þeir kenna og hæfa námsefni hverju sinni. Markmiðið er að nemendum verði námsaðferðirnar tamar og þeir noti þær sjálfstætt í sínu námi.

Orð af orði inniheldur fjölbreyttar aðferðir til að greina í sundur texta og er strax byrjað að vinna með þær í 1. bekk og bætt jafnt og þétt ofan á þekkingu nemenda á hverri aðferð fyrir sig (Guðmundur Engilbertsson, 2013).

4.4.1. Gagnvirkur lestur

Meginmarkmið gagnvirs lesturs er að auka lesskilning nemenda. Aðferðin samanstendur af fjórum meginþáttum sem eru

- að taka saman meginatriði efnisins.
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans.
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst.
- að spá fyrir um framhald texta.


Kennari notar stigskiptan stuðning (e. scaffolding) við að kenna nemendum þessa aðferð, þ.e. kennarinn byrjar á því að nota aðferðir gagnvirs lesturs í kennslu og kennir á sama tíma nemendum að beita aðferðinni. Nemendur læra því að nota aðferðina smám saman og er lokamarkmiðið að þeir geti beitt henni án stuðnings kennara. Nemendum er ætlað að læra að taka saman meginatriði texta, einnig að geta spurt ólíkra eða mismunandi spurninga um efni hans. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesari hafi skilið efnið og geti dregið fram aðalatriðin. Mikilvægt er að nemendur læri að leita upplýsinga um orð eða hugtök sem þeir skilja ekki. Að lokum eiga nemendur að spá fyrir um hvað gerist næst, þeir þurfa því að rifja upp það sem þeir þegar vita og átta sig á framvindu textans.

Þessi aðferð er talin auka skilning, gera nemendur sjálfstæðari í lestri sínum og færari í að fást við flóknara lesefni (Anna Guðmundsdóttir, 2007, bls. 7).

4.4.2. Krossglíma

Nemendur vinna með lykilorð úr texta og finna orð sem passa inn í lykilorðið út frá efni textans. Markmiðið er að þeir læri að finna

aðalatriði og geti nýtt þessa aðferð við glósugerð. Lokaafurð er endurbirting í samfelldu máli, endurritun eða endursögn.




4.4.3. KVL aðferðin

Nemendur greina í sundur hvað þeir **kunna** (skrá forþekkingu sína) og hvað þeir **vilja** vita áður en umfjöllun um efni hefst. Í lok vinnu greina nemendur það sem þeir hafa **lært** nýtt. Aðferðin hentar vel til að halda utan um nám nemenda og koma til móts við getu og áhugasvið hvers og eins.




4.4.4. Orð dagsins

Orð dagsins er aðferð sem felur í sér greiningu á merkingu orða, samhengi þeirra og frekari sundurgreiningu. Kennari getur tekið fyrir orð sem kemur fyrir í námsefninu eða orð sem hann vill kenna nemendum. Fjallað er um orðið, merkingu þess, beygingar- og setningarleg einkenni. Fundin eru samheiti orðsins, ef til eru, og nemendur búa til ný orð úr orðinu. Kennari getur unnið með orðið á margvíslegan hátt og er það undir honum sjálfum komið hversu ítarleg sú vinna er.



4.4.5. Orðhlutavinna

Nemendur vinna með orð og orðhluta þeirra og markmiðið er að þeir átti sig á hvernig orðið skiptist í orðhluta og hvað þeir nefnast. Þekking á orðhlutum eykur tilfinningu nemenda fyrir stafsetningu, eykur orðaforða þeirra og eflir málskilning.



4.4.6. Hugræn kortagerð

Nemendur vinna með ákveðið hugtak eða viðfangsefni og aðalatriði tengd því og skoða innbyrðis tengsl þeirra. Nemendur vinna þannig með námsefnið á rökréttan og myndrænan hátt. Hin sýnilega framsetning er mikilvæg vegna þess að nemendur geta séð hvernig hugmyndir tengjast innbyrðis og mynda heild.

Hugræn kortagerð er gott tæki fyrir kennara til að kanna og vinna með skilning nemenda á námsefni, dýpka hann og leiðrétta misskilning sem upp kemur. Kortin sýna glögg þekkingu nemenda og kortagerðin sjálf er námsferli. Mikið nám fer fram þegar nemandi kemur hugsunum sínum fram á myndrænan hátt.

Yfirlit yfir hvaða aðferðir í Orð af orði eru kenndar í hverjum bekk má sjá í læsisstefnu hvers skóla fyrir sig

4.5. PALS og K-PALS

4.5.1. PALS

PALS (e. *Peer Assisted Learning Strategies*) eða *Pör að læra saman* er aðferð sem kennari getur notað til að þjálfa alla nemendur samtímis í lestri með jafningjamiðaðri nálgun. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvern annan við að bæta lesturinn.

PALS byggir á eftirfarandi þáttum:

- Allir nemendur paraðir saman þannig að leshraði nemenda er skoðaður og hvert par samanstendur af nemanda með mikinn leshraða og nemanda með lítinn leshraða.
- Nemendur fá þjálfun í að hvetja, leiðrétta og veita endurgjöf.
- Samræða milli nemenda í hverju pari og endurgjöf.
- Nemendur skiptast á hlutverkum, lesari og þjálfari, þar sem þjálfari leiðrétir og hvetur lesara í að lesa rétt.
- Paralestur, endursögn, draga saman efnisgreinar og forspá eru leiðir sem nemendur eru þjálfaðir í að vinna eftir (McMaster o.fl., 2006, bls. 8-9).

4.5.2. K-PALS

K-PALS (e. *kindergarten PALS*) er ætlað fyrir byrjendur í lestri:

- Nemendur vinna saman í pörum og er parað eftir því hvernig nemendur koma út í stafakönnun og raðað upp frá þeim sterkasta til hins lakasta.
- Unnið er með hljóðgreiningu með hljóðaleikjum til að efla hljóðavitund nemenda.
- Unnið með umskráningu bókstafa í máhljóð með fjórum verkefnum þar sem unnið er með ákveðinn þátt umskráningar hverju sinni.
- Lestur stuttra texta og orða sem tengist þeim máhljóðum sem unnið er með.
- Nemendur skiptast á hlutverkum, þjálfari og leikmaður þar sem þjálfari er getumeiri (Mathes og Babyak, 2001, bls. 29-30).

Báðar þessar aðferðir, Pals og K-Pals, leitast við að skapa aðstæður þar sem nemendur keppast við að lesa hratt og rétt.

4.6. Lestrartengd verkefni

4.6.1. Framsagnakeppni grunnskólanna í Húnavatnspingi

Ár hvert tekur 7. bekkur grunnskólanna í Húnavatnspingi þátt í framsagnarkeppni sem tileinkuð er Grími Gíslasyni frá Saurbæ í Vatnsdal. Framsagnarkeppnin er liður í *Stóru upplestarkeppninni* sem haldin er um allt land en formlegur undirbúningur fyrir keppnina hefst á Degi Íslenskrar tungu, 16. nóvember.

4.6.2. Lestrarömmur og -afar

Lestrarömmur og -afar er verkefni sem unnið hefur verið í Blönduskóla og Höfðaskóla. „Ömmurnar/afarnir“ hitta nemendur í 1. – 7. bekk u.þ.b. 2x í viku. Nemendur lesa fyrir þau og fá kvittun fyrir.

„Ömmurnar/afarnir“ gefa sér tíma til að spyrja spurninga úr textanum, ræða um orð og orðatiltæki og um myndir sem fylgja.

4.6.3. Lesið í skammdeginu

Á tímabilinu nóvember til janúar fer af stað í Höfðaskóla verkefnið *Lesið í skammdeginu*. Verkefnið stendur yfir í eina viku en þá eru langar lestrarstundir í öllum bekkjum skólans. Gestalesarar úr samfélaginu koma í heimsókn og hefur verið lögð áhersla á að þeir tengist nemendum skólans; foreldrar, afar, ömmur eða aðrir ættingjar. Gestalesararnir lesa upp úr sinni uppáhaldsbók og hefur því verið hagað þannig að lesið er fyrir hvert skólastig í einu.

4.6.4. Fágæti og furðuverk

Verkefnið *Fágæti og furðuverk*, sem unnið hefur verið með í Höfðaskóla, snýst um að efla læsi barna. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að Fágæti og furðuverk er vel til þess fallið að efla áhuga nemenda og færni í lestri, einkum drengja. Í verkefninu fær hver nemandi poka sem inniheldur efni í tengslum við ákveðið þema, það getur m.a. verið um matreiðslu, bíla, fótbolta, Star wars og sjómenn. Í Höfðaskóla hefur verið útbúið efni í 37 poka, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Nemendur fá að velja sér einn poka á viku í fjórar vikur, samtals fjögur verkefni. Lögð er áhersla á að nemendur vinni þetta heima með föður eða öðrum karlkyns ættingja sem skapar þannig jákvæða lestrarfyrirmynd.

4.6.5. Lestrarsprettur

Lestrarsprettur er átak í heimalestri fyrir 1. – 4. bekk, samið af Elvu Ólafsdóttur. *Lestrarsprettur* eru fjögur hefti, hvert hefti fer heim á

mánudegi og á að vinna í því alla virka daga og er því skilað á mánudeginum viku seinna. Verkefni eru stutt og fjölbreytt og er ætlast til að þau séu unnin á þeim dögum sem mælt er með í heftinu. Verkefni geta komið í staðinn fyrir venjubundinn heimalestur. Lestrarsprettur hefur verið nýttur í Höfðaskóla og Grunnskóla Húnaþings vestra.

4.6.6. Ævar vísindamaður

Lestraráttak Ævars vísindamanns stendur frá 1. janúar til 1. mars og hafa allir grunnskólar á svæðinu tekið þátt. Lesa má hvaða bók sem er, á hvaða tungumáli sem er. Notast má við hljóðbækur eða láta lesa fyrir sig. Allir grunnskólanemendur mega taka þátt.

Fyrir hverjar þrjár bækur sem lesnar eru er fylltur út lestrarmiði og honum skilað í kassa sem tilheyrir lestrarátakinu. Þegar átakinu lýkur er kassinn sendur til Heimilis og skóla og 5 vinningshafar dregnir út. Auk þess hafa skólar umbunað nemendum fyrir þátttökuna.

4.6.7. Lesið á aðventu

Í Grunnskóla Húnaþings vestra hefur skapast sú hefð síðustu vikuna fyrir jólafrí að fá nemendur úr 10. bekk eða einstaklinga úr sveitarfélaginu til að lesa upphátt fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Nemendur 10. bekkjar og kennari þeirra velja saman jólasögur til að lesa. Reynt er að hafa stundina sem hátíðlegasta, kveikt á kertum og jólaskraut dregið fram.

4.6.8. Skemmtanir

Í skólunum eru haldnar skemmtanir þar sem nemendur sjá um skemmtiatriði fyrir áhorfendur. Þátttaka í þessum skemmtunum þjálfar

nemendur í framsögn, læsi og sköpun, hver á sinn hátt, ásamt því að efla samskipti og félagslega færni.

5. Skipulag lesturs heima og í skóla

5.1. Lestur í 1. bekk

- **Heimalestur:** Eftir að nemendur hafa fengið lestrarbók lesa þeir heima upphátt í a.m.k. 10 mínútur fimm daga vikunnar og foreldrar kvitta fyrir. Texti endurlesinn eftir þörfum. Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín.
- **Lestur í skóla:** Nemendur eru í markvissri lestrarþjálfun allan 1. bekk. Þegar nemendur hafa fengið lestrarbók lesa þeir upphátt 3 – 5 sinnum í viku og sá sem hlustar kvittar fyrir. Yndislestur alla daga.
- **Ut anumhald:** Umsjónarkennari heldur utan um heima- og skólalestur og fer yfir skráningar nemandans. Umsjónarkennari hefur frumkvæði að því að skipuleggja lesturinn.
- **Eftirfylgni:** Ef heimalestri er ekki sinnt er brugðist við því. Lesi nemandi sjaldnar en fjórum sinnum í viku án fullnægjandi skýringar sendir umsjónarkennari tölvupóst til foreldra/forráðamanna. Ef ekki verður breyting til batnaðar þá hringir kennari heim og ítrekar mikilvægi heimalesturs. Ef engar breytingar verða við þessum tilmælum er málinu vísað til skólastjórnenda sem hringja í foreldra/forráðamenn eða kalla þá á fund.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál eru einnig hvattir til þess að lesa á sínu móðurmáli.

Hlutverk þess sem hlustar:

- Hlusta eftir framburði.
- Stoppa nemandan ef rangt er lesið.
- Ræða orð, hugtök og innihald.
- Spyrja spurninga úr textanum.
- Spyrja spurninga þar sem nemendur þurfa að draga ályktanir.
- Hvetja og hrósa.
- Ráðleggja með val á lestrarbókum.

5.2. Lestur í 2. – 4. bekk

- **Heimalestur:** Allir nemendur lesa heima upphátt í a.m.k. 10 mín. fimm daga vikunnar og foreldrar kvitta fyrir. Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín og hvetji þau jafnframt til lesturs.
- **Lestur í skóla:** Allir nemendur lesa upphátt 3 – 5 sinnum í viku og sá sem hlustar kvittar fyrir. Yndislestur alla daga.
- **Utanhald:** Umsjónarkennari heldur utan um heima- og skólalestur og fer yfir skráningar nemandans. Umsjónarkennari hefur frumkvæði að því að skipuleggja lesturinn.
- **Eftirfylgni:** Ef heimalestri er ekki sinnt er brugðist við því. Lesi nemandi sjaldnar en fjórum sinnum í viku án fullnægjandi skýringar sendir umsjónarkennari tölvupóst til foreldra/forráðamanna. Ef ekki verður breyting til batnaðar þá hringir kennari heim og ítrekar mikilvægi heimalesturs. Ef engar breytingar verða við þessum tilmælum er málinu vísað til skólastjórnenda sem hringja í foreldra/forráðamenn eða kalla þá á fund.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál eru einnig hvattir til þess að lesa á sínu móðurmáli.

Hlutverk þess sem hlustar:

- Hlusta eftir framburði.
- Stoppa nemanda ef rangt er lesið.
- Ræða orð, hugtök og innihald.
- Spyrja spurninga úr textanum.
- Spyrja spurninga þar sem nemendur þurfa að draga ályktanir.
- Hvetja og hrósa.
- Ráðleggja með val á lestrarbókum.
- Finna 3-5 orð úr lesnum texta sem nemendur æfa sig í að stafsetja.

5.3. Lestur í 5. – 7. bekk

- **Heimalestur:** Allir nemendur lesa heima upphátt í a.m.k. 10 mín. fimm daga vikunnar og foreldrar kvitta fyrir. Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín og hvetji þau jafnframt til lesturs.
- **Lestur í skóla:** Allir nemendur lesa upphátt 3 – 5 sinnum í viku og sá sem hlustar kvittar fyrir. Yndislestur alla daga.
- **Ut anumhald:** Umsjónarkennari heldur utan um heima- og skólalestur og fer yfir skráningar nemandans. Umsjónarkennari hefur frumkvæði að því að skipuleggja lesturinn.
- **Eftirfylgni:** Ef heimalestri er ekki sinnt er brugðist við því. Lesi nemandi sjaldnar en fjórum sinnum í viku án fullnægjandi skýringar sendir umsjónarkennari tölvupóst til foreldra/forráðamanna. Ef ekki verður breyting til batnaðar þá hringir kennari heim og ítrekar mikilvægi heimalesturs. Ef engar breytingar verða við þessum tilmælum er málinu vísað til skólastjórnenda sem hringja í foreldra/forráðamenn eða kalla þá á fund.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál eru einnig hvattir til þess að lesa á sínu móðurmáli.

Hlutverk þess sem hlustar:

- Hlusta eftir framburði.
- Stoppa nemanda ef rangt er lesið.
- Ræða orð, hugtök og innihald.
- Spyrja spurninga úr textanum.
- Spyrja spurninga þar sem nemendur þurfa að draga ályktanir.
- Hvetja og hrósa.
- Ráðleggja með val á lestrarbókum.

5.4. Lestur í 8. – 10. bekk

- **Heimalestur:** Allir nemendur lesa heima í a.m.k. 10 mín. fimm daga vikunnar, mælst er til þess að nemendur lesi upphátt einu sinni til tvisvar í viku. Foreldrar kvitta fyrir lestur.
- **Lestur í skóla:** Yndislestur alla daga. Þeir nemendur sem ekki ná 90% viðmiðum Menntamálastofnunar lesa upphátt 2 – 4 sinnum í viku og sá sem hlustar kvittar.
- **Ut anumhald:** Umsjónarkennari heldur utan um heima- og skólalestur og fer yfir skráningar nemandans. Umsjónarkennari hefur frumkvæði að því að skipuleggja lesturinn.
- **Eftirfylgni:** Ef heimalestri er ekki sinnt er brugðist við því. Lesi nemandi sjaldnar en fjórum sinnum í viku án fullnægjandi skýringar sendir umsjónarkennari tölvupóst til foreldra/forráðamanna. Ef ekki verður breyting til batnaðar þá hringir kennari heim og ítrekar mikilvægi heimalesturs. Ef engar breytingar verða við þessum tilmælum er málinu vísað til skólastjórnenda sem hringja í foreldra/forráðamenn eða kalla þá á fund.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál eru einnig hvattir til þess að lesa á sínu móðurmáli.

Hlutverk þess sem hlustar:

- Hlusta eftir framburði.
- Stoppa nemandi ef rangt er lesið.
- Ræða orð, hugtök og innihald.
- Spyrja spurninga úr textanum.
- Spyrja spurninga þar sem nemendur þurfa að draga ályktanir.
- Hvetja og hrósa.
- Ráðleggja með val á lestrarbókum.

6. Námsmat

Í nýrri Aðalnámskrá kemur skýrt fram hvert markmið námsmats er. Í forgrunni er það nemendum til leiðbeiningar um námið og hvernig þeir geta náð markmiðum þess. Einnig er það til upplýsingar um gengi nemenda fyrir aðstandendur, kennara og skólayfirvöld. Námsmatið er nýtt til að skipuleggja frekara nám og meta hverjir þurfa sérstaka aðstoð. Það á að vera hvatning og örvun til nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 56).

Lögð er áhersla á fjölbreytni í námsmati og það sé áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Námsmat þarf að meta alla þætti námsins, þekkingu nemandans, leikni og hæfni (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls 52-57).

6.1. Læsi – lestrarskimun

Læsi - lestrarskimun er ætlað að kanna lestrarhæfni nemenda í 1. og 2. bekk. Niðurstöður nýtast til að finna nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna lestarerfiðleika og veita kennurum upplýsingar sem þeir geta byggt áframhaldandi lestrarkennslu á. Prófið samanstendur af fimm heftum, þrjú fyrir 1. bekk og tvö fyrir 2. bekk (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.).

6.2. Tove Krogh

Tove Krogh er teiknipróf sem lagt er fyrir nemendur í 1. bekk. Prófið skimar fyrir ýmsum þáttum í þroska nemenda svo sem

hugtakaskilningi, formskynjun, talnaskilningi, vinnubrögðum, athygli, einbeitingu og hlustun.

6.3. Matslisti Gerd Strand

Gerd Strand er huglægur matslisti sem tekur á flestum færni- og getuþáttum sem hafa áhrif á gengi nemenda í grunnskólanámi og gefur vísbendingar um frávík og hvort þörf sé á frekari athugun. Listinn er byggður upp með sjö ára „meðalnemanda“ í huga. Listinn metur málproska, eftirtekt/einbeitingu, fljótfærni/hvatvísi, virkni, samskipti, fín- og grófhreyfingar, sértæka erfiðleika, tilfinningar og líðan sem og almennan skilning og þekkingu.

6.4. Orðarún

Lesskilningsprófið *Orðarún* er ætlað nemendum í 3.- 8. bekk og eru tvö próf fyrir hvern árgang. Orðarún kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta, átta sig á staðreyndum, geti lesið milli lína og dregið þannig ályktanir út frá efninu.

6.5. Samræmd könnunarpróf í íslensku

Samræmd könnunarpróf í íslensku eru lögð fyrir 4., 7. og 9. bekk. Þau meta getu og hæfni nemanda til að skilja texta sem hann les og meta færni hans í notkun íslensks máls. Prófið reynir á skilning nemandans á texta með beinum eða óbeinum hætti, t.d. framvindu og eiginleika textans ásamt markmiði höfundar.

6.6. Lesferill

Lesferill er matstæki frá Menntamálastofnun sem metur grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, stafsetningu, orðaforða og málskilning. Prófin taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar.

Lesferill mun ná frá 3 til 16 ára aldurs. Ætlunin er að prófin verði öll tilbúin til notkunar haustið 2020. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða.

Grunnprófin eru svokölluð lesfimipróf sem mæla leshraða nemandans. Síðan eru það svonefnd hliðarpróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina; próf í sjónrænum orðaforða, próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf. Auk þessara fjögurra prófa er *Lesferill-Lesskimun fyrir 1. bekk*, sem metur:

- málskilning og orðaforða.
- bókstafa- og hljóðþekkingu.
- hljóðkerfis- og hljóðavitund.

Lesferill-Lesskimun fyrir 1. bekk kannar hversu vel nemendur eru undirbúin til að takast á við lestrarnám. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika nemenda og spá fyrir um þá sem gætu lent í erfiðleikum með lestrarnám, vegna vanda við umskráningu og/eða lesskilning.

6.7. Lesfimi viðmið Menntamálastofnunar

Menntamálastofnun hefur gefið út lesfimi viðmið fyrir 1. - 10. bekk grunnskóla. Viðmiðin eiga að endurspeglar námskröfur til nemenda og hvernig lestrarfærni þeirra eykst frá einum bekk til annars. Eftirfarandi


texti og töflur eru úr *Lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunar* (Menntamálastofnun, e.d.).

6.7.1. Lesfimi


Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist jafnframt lesskilningur.

6.7.2. Lesfimiviðmið


Lesfimiviðmið eru sett þannig fram að þau sýna stígaða í færni nemenda frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu. Lesfimiviðmiðin byggja á stöðlunarfyrlögn lesfimiþrófa sem náði til 5.500 nemenda og fór fram skólaárið 2015- 2016.



- Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu.



- Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu.



- Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu.

Orð á mínútu

Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Atkvæði á mínútu

Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna atkvæði á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

Eftirfarandi tafla sýnir þau próf og skimanir sem skólarnir leggja fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Nánari útfærsla er í höndum hvers skóla en á ábyrgð skólastjórnenda.

<i>Bekkur</i>	<i>Matstæki</i>	<i>Tímasetning</i>	<i>Ábyrgð</i>
1. bekkur	Læsi 1, 1. – 3. hefti* Lesferill Lesferill-lesskimun fyrir 1.bekk Teiknipróf Tove Krogh*	Nóvember – febrúar – apríl September – janúar – maí Október September/október	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónar- eða sérkennari
2. bekkur	Læsi 2, 1. og 2. hefti* Lesmál* Lesferill Matslisti Gerd Strand* Orðalykill	Nóvember – febrúar Apríl September – janúar – maí Febrúar Október – mars	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari

3. bekkur	Orðarún, 3. bekkur Lesferill	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari
4. bekkur	Orðarún, 4. bekkur Lesferill Samræmt próf í íslensku Orðalykill	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September - janúar – maí September Október – mars	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Skólastjóri/umsjónarkennari Umsjónarkennari
5. bekkur	Orðarún, 5. bekkur Lesferill	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari

6. bekkur	Orðarún, 6. bekkur Lesferill Orðalykill	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí Október – mars	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari
7. bekkur	Orðarún, 7. bekkur Lesferill Samræmt próf í íslensku	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí September	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Skólastjóri/umsjónarkennari
8. bekkur	Orðarún, 8. bekkur Lesferill Orðalykill	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí Október – mars	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari

9. bekkur	Orðarún, 8. bekkur Lesferill Samræmt próf í íslensku	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí Mars	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Skólastjóri/umsjónarkennari
10. bekkur	Orðarún, 8. bekkur Lesferill Orðalykill	Nóvember, próf 1 Febrúar, próf 2 September – janúar – maí Október – mars	Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari Umsjónarkennari

*Stjörnumerkt matstæki eru valkvæð.

7. Greiningar og inngríp

Lesferilsprófin eru lögð fyrir reglulega í öllum bekkjardeildum þar sem fylgst er með því hvort nemendur taki eðlilegum framförum í máli og læsi. Markmiðið er skoða hvort bregðast þurfi á einn eða annan hátt við árangri nemenda. Að auki eru niðurstöður samræmdra prófa í íslensku nýttar til að meta færni nemenda. Nemendur sem ekki ná viðmiðum þrátt fyrir markvissa þjálfun í lestri heima og í skóla fara í frekari greiningu.

Helstu greiningartæki sem notuð eru:

TOLD 2P og TOLD 2I- málþroskapróf:

- Lagt fyrir einstaka nemendur sem grunur leikur á að séu með frávík í málþroska. Lagt fyrir af sérkennara eða talmeinafræðingi.
- Ef grunur leikur á verulegu fráviki í málþroska á að vísa nemanda til talmeinafræðings.

LOGOS, lestrargreiningartæki:

- Lagt fyrir einstaka nemendur í 3. bekk - 10. bekk ef grunur leikur á lesblindu (dyslexíu) eða öðrum lestrarerfiðleikum. Lagt fyrir af sérkennara.

7.1. Skipulag sérkennslu

Sérkennsla er ákveðinn stuðningur sem skólinn veitir nemendum sem eiga við námserfiðleika að stríða. Meginmarkmið er að mæta sem best þörfum hvers einstaklings og stuðla að framförum í námi.

Stuðningurinn stendur yfir í mislangan tíma eftir þörfum. Sérkennslan er í stöðugri endurskoðun. Leitast er við að finna bestu leiðina fyrir hvern nemanda og er tekið mið af getu hans og þroska. Stuðst er við ábendingar kennara og greiningar sem gerðar eru af sérkennara eða öðrum sérfræðingum. Lögð er áhersla á góða samvinnu innan skólans, við heimilin og skólaþjónustu. Skólarnir leggja ríka áherslu á að nemendur séu sem mest í sínum bekk og séu fullgildir þátttakendur þar og fái viðfangsefni við hæfi.

Greinist nemandi með lestrarerfiðleika fer í gang ferli þar sem skoðaðir eru veikir og sterkir þættir og unnið út frá því. Sérkennari og umsjónarkennari gera áætlun um hvernig bregðast skuli við og meta þörf á stuðningi og úrræðum. Greinist nemandi með lesblindu (dyslexíu) fær hann eftirfarandi ef þörf er á:

- Aðgang að hljóðbókasafni og öðru hljóðefni.
- Aðgang að talgervli.
- Aðlagað námsefni.
- Aðgang að hjálpargögnum.
- Aukna aðstoð í prófum, svo sem munnleg próf og/eða ritara.
- Aðlagaðar prófaðstæður.
- Lengdan tíma í prófum og verkefnum.

7.2. Nemendur með íslensku sem annað tungumál

Þegar nemendur með annað móðurmál en íslensku koma í skólann er upplýsinga aflað um þá, s.s. fyrri skólagöngu og námsstöðu og þær nýttar ef gera þarf einstaklingsáætlun. Læsisstengt námsefni er aðlagað að þörfum nemenda. Lögð er áhersla á daglegan lestur á íslensku í skólanum þar sem unnið er með orðaforða, málskilning,

málnotkun, lesskilning og talmál. Markmiðið er að nemendur geti unnið sem mest inn í sínum námshóp og fái þannig þjálfun í töluðu máli. Stuðningur við þá getur m.a. verið einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í lengri eða skemmri tíma en felst að mestu í því að kenna þeim hagnýtan orðaforða og efla hugtakaskilning í gegnum efnistöð hvernar námsgreinar. Námsmat er aðlagð að færni þeirra í íslensku þannig að námsgeta þeirra komi í ljós en ekki bara íslenskukunnátta. Foreldrar eru hvattir til að kenna börnum sínum að lesa á eigin móðurmáli og þjálfa lesturinn. Lögð er áhersla á góða líðan nemandans og samvinnu allra sem að honum koma.

8. Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti (2011). Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti (2013). Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Anna Guðmundsdóttir (2007). *Lesið til skilnings. Kennarahandbók í gagnvirkum lestri*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir (2000). Mál – lestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar* (bls. 39-50). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Brown, A. (2001). *Developing language and literacy 3-8* (2. útgáfa). London: Sage Publications.

Eurydice (2011). *Teaching reading in Europe: Contexts, policies and practices*. Brussels: European Commission. Sótt 25. júní 2015 af http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/130EN.pdf

Guðmundur Engilbertsson (2013). *Orð af orði*. Sótt 16. apríl 2016 af <http://hagurbal.weebly.com>

Harrison, C. (2004). *Understanding reading development*. London: Sage.

- Helga Magnúsdóttir (1987). Hljóðaaðferðin. Í Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson (ritstjórar). *Lestur – mál. Ritröð Kennaraháskóla Ísland og Iðunnar* (95-101). Reykjavík, Iðunn.
- Helga Sigurmundsdóttir (e.d.). *Lesvefurinn. Um læsi og lestrarerfiðleika*. Sótt 5. apríl 2017 af <http://lesvefurinn.hi.is/node/182>.
- Kristín Einarsdóttir (2015). *Hvernig þróaðist leikur að læra?* Sótt 20. júní 2015 af <http://www.leikuradlaera.is/index.php/um-okkur/hvernig-throadhist-leikur-adh-laera>
- Leikur að læra (2015a). *Fræðin*. Sótt 20. júní 2015 af <http://www.leikuradlaera.is/index.php/hvadh-er-leikur-adh-laera/fraedhin>
- Leikur að læra (2015b). *Hvað er leikur að læra?* Sótt 20. júní 2015 af <http://www.leikuradlaera.is/index.php/hvadh-er-leikur-adh-laera/hvadh-er-leikur-adh-laera>
- Leikur að læra (2015c). *Af hverju leikur að læra?* Sótt 20. júní 2015 af <http://www.leikuradlaera.is/index.php/hvadh-er-leikur-adh-laera/af-hverju-leikur-adh-laera>
- Lög um grunnskóla (2008). Sótt 23. júlí 2016 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>
- Mathes, P. G. og Babyak, A. E. (2001). The effects of peer-assisted literacy strategies for first-grade readers. With and without additional mini-skills lessons. *Learning disabilities research & practice* 16(1), 28-44. Sótt 20. júní 2015 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/0938-8982.00004/abstract>
- McMaster, K. L., Fuchs, D. og Fuchs L. S. (2006). Research on peer-assisted learning strategies: The promise and limitations of peer-mediated instructions. *Reading and Writing Quarterly* 22, 5-25.

Doi:10.1080/10573560500203491

Menntamálastofnun (e.d.). *Lesfímiviðmiðmið Menntamálastofnunar*. Sótt 5. apríl 2017 af https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

Menntamálaráðuneytið (e.d.) *Nám til framtíðar*. Sótt 3. mars 2016 af <http://www.namtilframtidar.is>

Morgan, P. L., Young, C. og Fuchs, D. (2006). Peer-assisted learning strategies: an effective intervention for young readers. *Insights on Learning Disabilities* 3(1), 23-42. Sótt 19. júlí 2015 af: http://www.ldworldwide.org/pdf/journal/2006/03-06_peer.pdf

Morrow, L.M. (2001). *Literacy development in the early years: Helping children read and write* (4.útgáfa) Boston: Allyn and Bacon.

National Reading Panel (NRP) (2000). *Teaching children to read: An evidence-based assessment of the scientific research literature on reading and its implication for reading instructions*. Washington, DC: National Institute of Child Health and Human Development.

Ontario Education (2004). *Literacy for learning: The report of the expert panel on literacy in grades 4 to 6 in Ontario*. Sótt 25. júní 2015 af <http://www.edu.gov.on.ca/eng/document/reports/literacy/panel/literacy.pdf>

Rannveig Lund (e.d.). *LRL – Lestrarsetur Rannveigar Lund*. Sótt 5. apríl 2017 af <http://lrl.is>

Rósa Eggertsdóttir (2008). *Byrjendalæsi. Lestrarfræði. Drög 2008*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Rósa Eggertsdóttir (2009). *Byrjendalæsi. Í Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjóri)*,

Íslenska í 1. og 2. bekk: Handbók kennara: Lykill að andans auði (bls. 35-52). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Reid, G. (2005). *Learning styles and inclusion*. London: Paul Chapman Publishing.

Rog, L. J. (2003). *Guided reading basics: Organizing, managing, and implementing a balanced literacy program in K-3*. Ontario: Pembroke Publishers.

Stefán Jökulsson (2012). *Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Perry, K. H. (2012). What is literacy? A critical overview of sociocultural perspectives. *Journal of Language and Literacy Education*, 8(1), 50-71. Sótt 25. júní 2015 af http://jolle.coe.uga.edu/wp-content/uploads/2012/06/What-is-Literacy_KPerry.pdf

Vacca, J. A. L., Vacca, R. T. og Gove, M. K. (2006). *Reading and learning to read*. (6. útgáfa) New York: Allyn and Bacon.